

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 30. október 2022

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa fjármálamarkaðar

Efni: Umsögn til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um drög að þýðingu framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2139 sem fastsetur tvö tæknileg matsviðmið í reglugerð (ESB) 2020/852 (EU Taxonomy).

Bændasamtök Íslands telja að hið minnsta í einhverjum tilvikum sé hér um jákvætt skref að ræða varðandi innleiðingu viðmiða. Að því sögðu hafa samtökin áhyggjur af umfangi reglugerðarinnar sem er yfir 400 síður, yfir því hversu víðtækt svið hún nær yfir og hversu flókinn texti hennar er.

Þar af leiðandi telja samtökin að þörf sé á mun ítarlegri rýni en felst í birtingu í Samráðsgátt auk þess sem ýmis atriði í reglugerðinni þarfnist nánari skoðunar varðandi samspil við aðra löggjöf. Við slíka innleiðingu sem hér um ræðir verður að telja þörf á að kalla saman hóp sérfróðra aðila til að yfirfara hugtakanotkun og þýðingu þeirra og þær ótal skilgreiningar sem finna má í textanum. Er í þessu sambandi vísað til og tekið undir umsögn Þrastar Eysteinsonar, skógræktarstjóra, en athugasemdir hans ná þó eðli máls samkvæmt aðeins til lítils brots af heildartexta reglugerðarinnar.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur